

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Lög um ráðstafanir til verndar almenningi í styrjöld hafa verið í gildi hér í fullan aldarfjórðung, en aldrei komið til framkvæmda að neinu ráði. Reynt var að hressa upp á sakirnar með nýsköpun laganna, en allt kom fyrir ekki. Lögin um almannavarnir, nr. 94 29. des. 1962, eru sama pappírsgagnið og þau, sem áður giltu.

Ráðherra vanrækir sinn hlut í framkvæmd laganna, sveitarstjórnir halda að sér höndum, og almenningur lætur sér fátt um lögin finnast. Þannig leggjast allir á eitt um að hafa þau að engu.

Raunar er of mikið sagt, að alls ekkert hafi verið gert í þessu efni. Skrifstofubákni var strax komið á laggirnar, og álitlegum fjárfúlgum er árlega varið til undirbúnings ímynduðum framkvæmdum.

Ýmislegt veldur því, að lög um almannavarnir hafa aldrei orðið annað en dauður bókstafur. Sum ákvæðin fela í sér þungar kvaðir og jafnvel nauðung, og í heild bera lögin sterkan herskyldukeim, sem mönnum geðjast ekki. Margir efast um nauðsyn þeirra ráðstafana, sem lögin heimta, og enn fleiri eru vantrúaðir á, að þær komi að gagni. Ábyrgum aðilum vex kostnaðurinn í augum, og jafnframt óttast þeir almennar óvinsældir í sambandi við beitingu lagaákvæðanna. Loks er fjöldi manna nægilega heilskyggn til þess að sjá, að með lögunum er byrjað á öfugum enda. Afnáam herstöðva er mikilvægasta ráðstöfunin í almannavörnum hér á landi. Frá þeim stafar landsmönnum mesta hættan. Á þeirri ráðstöfun ber því að byrja, en rannsaka síðan, hvort annarra aðgerða sé þörf og þá hverra.

Á þetta hefur fyrr verið bent og ríkisstjórnin ekki látið sér segjast. Hún heldur tryggð við þetta afkvæmi sitt, þótt andvana sé, og nú þykist hún hafa fundið ráð til að gæða það lífi. Hún ætlar að vikka verksvið almannavarna, þannig að þær taki einnig til náttúruhamfara og annarra tjóna, auk hernaðaraðgerða. Síðan stendur til að tengja allt kerfið starfsemi ýmissa líknarfélaga, og þaðan á lífskrafturinn að koma.

Slysavarnafélagið, Rauði krossinn, flugbjörgunarsveitir og hjálparsveitir skáta eru þróttmikil samtök, sem vinsælda njóta. Nú skal þetta hagnýtt hinu stírðnaða almannavarnakerfi til framdráttar. Hér skal engu um það spáð, hvernig til tekst, en þá væri verr farið en heima setið, ef tengslin yrðu til þess að draga úr starfi og vinsældum líknarfélaganna og almannavarnir samt sem áður að engu bættari.

Málið þarf miklu meiri athugunar við en það hefur hlotið til þessa. Meðal annars verður að hafa náð samráð við áður nefnd líknarfélög, sem nú á að beita fyrir vagninn. Þá er og nauðsynleg heildarendurskoðun laga um almannavarnir. Á þeim eru stórir vankantar, sem sníða þarf burt, svo sem ákvæðin um „herskyldu“, nauðungarflutninga og skerðingu á friðhelgi heimilanna. Loks er vert að athuga, hvort öll verkefni almannavarna séu ekki bezt komin í höndum líknarfélaganna. Þá mætti alveg leggja niður þetta kerfi, sem reynzt hefur ónýtt í 25 ár, en auka í þess stað fjárveitingar til félaganna.

Í samræmi við framanskráð leggur minni hluti allsherjarnefndar til, að frv. til laga um breyting á lögum um almannavarnir verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með tilliti til þess, að lög nr. 94 29. des. 1962, um almannavarnir, hafa ekki komið til framkvæmda nema að óverulegu leyti, og með því að ástæðan til þess virðist sú, að lögin séu reist á veikum stöðum, er geri þau í senn óvinsæl og lítt framkvæmanleg, telur deildin nauðsynlegt, að fram fari allsherjarendurskoðun laganna og að sérstaklega verði athugað í því sambandi, hvort það sé ekki líklegt til góðs árangurs að fela Rauða krossi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands og öðrum skyldum samtökum að undirbúa og annast þá hjálparstarfsemi, sem um ræðir í lögunum og í því lagafrumvarpi, sem hér liggur fyrir. Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um þessa endurskoðun, telur deildin rétt að fresta afgreiðslu frumvarpsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. febr. 1967.

Alfreð Gíslason.